

Alþingi – nefndarsvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 10 maí 2017

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002  
(rafsígarettur) – 431. mál.**

Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið nefnt frumvarp til umsagnar og fara hér á eftir helstu athugasemdir og ábendingar sem samtökin hafa við frumvarpið.

Tekið skal fram í upphafi að telja verður jákvætt að sett séu lög um rafsigarettur, enda nauðsynlegt fyrir samfélagið að skýrar reglur séu í þessu sambandi, ekki síst hvað varðar gæði, öryggi og upplýsingar fyrir neytendur.

Það vekur athygli að samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eru rafsigarettur lagðar að jöfnu við hefðbundnar sigarettur. Í því sambandi verður að taka fram að skiptar skoðanir eru innan læknasamfélagsins á skaðsemi eða skaðleysi rafsigarettar. Í þessu sambandi má benda á þá skoðun sem Guðmundur Karl Snæbjörnsson læknir hefur sett fram, en hann telur að hér sé um að ræða öflugt hjálpartæki fyrir þá sem vilja hætta að reykja, sbr.

<http://www.visir.is/g/2016160429868/rafrettur--hraedslubladransprengd>).

Það er því afar mikilvægt að Alþingi skoði vel öll þau vísindalegu gögn sem fánleg eru um rafsigarettur og leggi sjálfstætt mat á þau áður en málið er afgreitt frá þinginu. Svo virðist sem það hafi ekki verið gert við vinnslu frumvarpsins í velferðarráðuneytinu. Það kunna að vera lýðheilsuleg rök fyrir því að notkun rafsigarettar í stað hefðbundinna sigarettar afstýri heilsutjóni, með því að reykningamenn hætti hefðbundnum reykningum með aðstoð rafsigarettar. Að mati samtakanna er mikilvægt að sjá í frumvarpinu að þessi sjónarmið séu vegin og metin. Með því að setja rafsigarettur í sama flokk og hefðbundnar sigarettur, virðist svo sem ráðuneytið hafi ekki haft áhuga á að skoða málið frá öllum hliðum. Þessu til frekari stuðnings má nefna að í nýlegri rannsókn Breska krabbameinsfélagsins kemur fram að rafsigarettur séu mun öruggari en reykningar tóbaks og engin gögn sýni að þær hafi skaðleg áhrif á þriðja mann, sbr. <http://www.cancerresearchuk.org/about-us/cancer-news/press-release/2017-02-06-e-cigarettes-safer-than-smoking-says-long-term-study> og sjá einnig frétt Reuters um rannsóknina <http://www.reuters.com/article/us-health-ecigarettes-toxins-idUSKBN15L2J7>.

Í samræmi við þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram verður einnig að gagnrýna það að samkvæmt frumvarpinu er sýnileikabann sett á vöruna í verslunum. Rökin fyrir því eru augljóslega þau að gera fólki erfiðara með að nálgast vöruna. M.ö.o. að sýnileiki vörunnar ýti undir aukna neyslu hennar. Því verður að benda á að reykningafólk sem hyggst nýta sér þennan

möguleika til að hætta reykingum verður að geta fengið upplýsingar um vöruna með einhverjum hætti. Færa má rök fyrir því að með þessu móti sé verið að styðja við sterka stöðu sigarettunnar, en sú vara er óumdeilanlega sú hættulegasta í flokki tóbaks. Verður í þessu sambandi að benda á að nikótíntyggjó, sem gegnir einnig því hlutverki að aðstoða fólk við að hætta reykingum, er fólki sýnilegt í verslunum. Mikilvægt er að huga að meðalhófsreglum í þessu sambandi.

Að lokum er bent á samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að gildistími laganna verði 1. mars 2018. Æskilegt væri að aðlögunartíminn væri lengri þar sem hér er um að ræða viðamiklar breytingar fyrir innflytjendur rafsígarettna og söluaðila.

Samtök verslunar og þjónstu eru reiðubúin að mæta á fund velferðarnefndar til að gera frekar grein fyrir sjónarmiðum sínum til þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri